

Sent Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 19. nóvember 2003
2003010017/016-4
SB/hj

Leyfi til tímabundins útflutnings á dýrabeinum úr fornleifauppgröftum í rannsóknaskyni

Vísað er til erindis yðar til Safnaráðs frá 4. nóvember 2003 þar sem óskað er eftir leyfi til tímabundins útflutnings á dýrabeinum úr fornleifauppgröftum til aldursgreininga í rannsóknaskyni. Safnaráð framvísaði erindinu til Náttúrufræðistofnunar Íslands með bréfi, dags. 10. nóvember 2003, með vísan til 2. gr. laga nr. 105/2001.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur skoðað erindið og heimilar fyrir sitt leyti þennan tímabundna útflutning.

Stofnunin fer vinsamlega fram á að fá afrit af skýrslum/greinum með rannsóknaniðurstöðum þegar þær liggja fyrir.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

